

Landskjörstjórn

Skrifstofa Alþingis, lagaskrifstofa.

Greinargerð um framkvæmd og flokkun o.fl.

Akureyri 27. september 2021

Talning atkvæða fór fram í sal Brekkuskóla á Akureyri, og hófst flokkun atkvæða um kl. 20 þegar öllum undirbúningi var lokið og formaður yfirkjörstjórnar hafði lokið fundi með talningarfólki.

Skiptikjörkassar bárust yfirkjörstjórn frá Akureyrar- og Fjallabyggðarkjördeildum sem og Dalvík.

Áður en flokkun hófst bauð formaður yfirkjörstjórnar umboðsmönnum að skoða innsigli á kjörkössum og útskýrði fyrir þeim verklag við flokkun og talningu kjörgagna og kallaði eftir athugasemdum umboðsmanna framboðanna og voru þær engar. Í fundargerð yfirkjörstjórnar kemur fram hvaða umboðsmenn voru til staðar.

Meðferð kjörgagna var skipt á 5 starfsstöðvar.

Kjörgögn eru móttækin af starfsstöð 1. Þar er byrjað á að kanna hvort öll útsend kjörgögn skili sér til yfirkjörstjórnar. Kannað er hvort kjörkassar séu innsiglaðir með númeruðum innsiglisborðum sem sendir voru með kjörgögnum og hvort númer borðanna stemmi saman við yfirlit yfir númer útsendra innsiglisborða sem yfirkjörstjórn skráði á afrit bréfa frá yfirkjörstjórn sem fylgdu með kjörgögnum. Einnig hvort kjörskrár, fundargerðabækur kjörstjórna, skýrslur kjörstjórna og símar skiluðu sér sem og hvort fjöldi ónotaðra kjörseðla stemmdi á móti kjörseðlum sem kjósendur settu í kjörkassann, út frá þeim seðlafjölda sem sendur var á hverja kjördeild 20. september sl.

Ef þetta stemmdi var kjörkassinn opnaður og atkvæði stemmd af á starfsstöð 2 á móti skýrslum kjörstjórna, og atkvæðaseðlar settir saman í 50 seðla búnt.

Þegar þeirri afstemmingu var lokið fóru kjörgögn á starfsstöð 3. Þar voru atkvæðaseðlar skoðaðir vel og flokkaðir niður eftir listabókstöfum framboða. Fjögur 50 seðla búnt eða 200 kjörseðlar eru hafðir í hverri flokkun.

Á starfsstöð 4 voru bunkar hvers framboðs skoðaðir hvort þeir væru rétt flokkaðir á starfsstöð 3 og talið hvað hvert framboð hafði fengið í sinn hlut úr viðkomandi bunka. Alltaf var unnið með 200 atkvæðaseðla í einu.

Á stöð 5 voru niðurstöðutölur hvers bunka skráðar af tveim riturum sem síðan báru saman bækur sínar eftir hver 1.000 atkvæði.

Að þessu loknu fengu umboðsmenn framboðanna að skoða og yfirfara atkvæðaseðla í hverju búnti fyrir sig og gera athugasemdir ef þurfa þótti.

Þegar umboðsmenn framboðanna höfðu lokið skoðun setti starfsmaður yfirkjörstjórnar atkvæðaseðlana í kjörkassa og voru þeir hafðir þar þar til öll atkvæði höfðu skilað sér til yfirkjörstjórnar og þau afstemmd og talin.

Að þessari vinnu lokinni og eftir að umbeðnar skýrslur höfðu verið sendar til Hagstofu um kl. 9:45 var kjörkössum læst og salnum þar sem þeir voru geymdir einnig læst. Raufar kjörkassanna voru allan tímann innsiglaðar með innsiglisborða. Húsið var vaktað af húsverði og með öryggismyndavélum meðan yfirkjörstjórn gerði hlé á störfum sínum frá kl. 10:00. Formaður yfirkjörstjórnar varðveitti lyklna að kjörkössum og salnum þar til yfirkjörstjórn kom aftur saman til fundar kl. 13:00 til að undirbúa yfirferð kjörseðla með tilliti til breytinga kjósenda og/eða útstrikana. Skýrsla var send til landskjörstjórnar upp úr kl. 14:00 en hún var upphaflega send til Hagstofu fyrir mistök. Einnig var gengið frá kjörgögnum, þ.e. ónotaðir atkvæðaseðlar, greidd atkvæði og kjörskrár voru eins og áður segir sett í kjörkassa og þeim komið í vörslu lögreglu í læstum kjörkössum til varðveislu í læstum fangaklefa á lögreglustöðinni á Akureyri og hefur formaður yfirkjörstjórnar alla lyklna í sinni vörslu. Annaðist lögreglan og 2 yfirkjörstjórnarmenn þann flutning. Vandséð er að mati undirritaðs að nokkur hefði getað átt við kassana eða komið gögnum ofan í þá án þess að skilja eftir ummerki þess. Sama gildir einnig um kjörkassa sem kjörgögn eru nú geymd í og eru í vörslu á lögreglustöðinni á Akureyri.

Umboðsmenn framboðanna fengu leiðbeiningar frá yfirkjörstjórn um hvar og hvenær þeir gætu mætt til að fylgjast með talningu atkvæða á fundi yfirkjörstjórnar þann 11. september þegar þeim voru kynntar niðurstöður yfirkjörstjórnar um lögmati framboðanna. Á þann fund mættu allir umboðsmenn framboða eða frambjóðendur.

Að öðru leyti vísast til fundargerðar yfirkjörstjórnar.

Virðingarfyllt

Gestur Jónsson

Form. yfirkjörstjórnar NA kjördæmis